


Námskrá Krílakots

2024-2025

Hóla­kot
5 ára börn



Námskrá Krílakots

Krílakot er heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á málrækt, sköpun, umhverfisvernd og útikennslu í daglegu starfi. Námskrá Krílakots byggir á Aðalnámskrá leikskóla og inn í hana fléttast námsviðin; læsi, heilbrigði og vellíðan, ljóðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og sköpun. Stefna Krílakots er að börnin tileinki sér þessa þætti í gegnum allt nám leikskólans.

Nám nemenda í Krílakoti byggist á að efla alhliða þroska, færni til samskipta og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum ásamt umhverfi okkar. Gleði og vellíðan nemenda eru grunnþáttur í starfi leikskólans þar sem leitast er við að bjóða upp á næg tækifæri til hreyfingar, útiveru, leiks, samskipta og sköpunar í leik og starfi.

Í leikskólanum er unnið eftir uppbyggingarstefnunni auk þess sem leikskólinn er Grænfánaskóli. Í málrækt er unnið með námsefnið Lubba og Orðaleik.

Námsleiðir leikskólans eru fjölbreyttar en leikurinn er ávallt aðalnámsleiðin og sú sem lögð er mest áhersla á. Í gegnum leikinn öðlast nemendur reynslu, auka við þekkingu sína, læra að eiga samskiði hvert við annað og ráða fram úr ágreiningsefnum sem upp koma í barnahópnum.

Lögð áhersla á að starfsfólk í Krílakoti horfi á námsþarfir nemandanna, styrkleika og leitist við að finna leiðir sem virka fyrir hvern og einn einstakling. Við teljum mikilvægt að allir fái að vera með og upplifi sig sem hluta af skólasamfélaginu. Í Krílakoti er haft að leiðarljósi að allir nemendur óháð getu, kyni, tungumáli og þjóðerni séu jafn rétthá og fái sömu tækifæri í leikskólanum.

Uppbyggingarstefnan

Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga er hugmyndafræði sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga og þjálfar þau í að ræða um tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Aðferðin er kennd við Diane Gossen frá Kanada, en hún hefur þróað aðferðina og kennt hana víða um heim.

Markmið:

- Að rækta og efla sinn innri áhuga
- Að bera ábyrgð á eigin námi
- Að læra leiðir til að hafa stjórn á eigin hegðun
- Að sinna þörfum sínum af ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum
- Að bera ábyrgð á eigin mistökum, leiðrétta þau og bæta fyrir þau
- Að börnin séu þau sjálf- þær manneskjur sem þau vilja vera

Viðmið:

- Að nemendur þekki tilgang og geti notað litakarlana til að stjórna hegðun sinni
- Að nemendur þekki og kunni reglurnar, göngum inni í röð með stél, nota innirödd, hafa hendur og fætur hjá sér, kennarastóll er fyrir kennara, allir er jafnir óháð stöðu, þjóðerni, kyni og aldri
- Að tala á uppbyggilegan hátt við nemendur
- Að nemendur þekki og fari eftir reglum deildarsáttmálans
- Að nemendur þekki og geti nýtt sér sáttaleiðina þegar upp koma árekstrar

Mat:

- Matslisti samkvæmt uppbyggingarstefnunni

Áhersluatriði í uppbyggingarstefnunni


Það sem Uppbyggingarstefnan leitast við að ná fram hjá einstaklingum er:

- Að efla ábyrgðarkennd
- Að efla sjálfstjórn
- Að læra að tala um tilfinningar
- Að geta áttað sig á þörfum sínum
- Að læra af mistökum sínum

Kennsluskipulag

Uppeldi til ábyrgðar er hluti af daglegu starfi okkar í leikskólanum. Farið er yfir þarfirnar skipulega í hópastarfi yfir veturinn. Hver deild gerir sáttmála þar sem reglur deildarinnar eru ákveðnar af starfsfólki og nemendahópnum. Þessar reglur eru svo samþykktar af öllum á deildinni. Allir starfsmenn fá reglurnar og lita karlana á hálsbandi til að nota í starfi.

Uppbyggingarstefnan í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Hólakoti

Uppeldi til ábyrgðar	Lífsleikni	Jafnrétti/Lýðræði	Læsi
Kenna nemendum reglur leikskólans.	Gefa nemendum góðan tíma til að leika sér.	Efla ábyrgðarkennd hópana. Fara yfir orsök og afleiðingu.	Nemendur þekki helstu umferðamerki og umferðareglur.
Notast við litakarlana grænan, gulan og Rauðan.	Veita nemendum tækifæri á að tjá sig.	Leggja áherslu á að allir eigi að fá tækifæri til að vera þeir sjálfir.	Efla útkennslu t.d. fara í fjöruferðir, gönguferðir.
Kenna nemendum að tala á uppbyggjandi hátt.	Sjálfs hjálp (sjálfhjarga á salerni, sjálfhjarga í fataherbergi, við matarborð o.fl.).	Spjalla í hópastarfi. Gefa nemendum tækifæri til að tjá sig og kenna þeim að hlusta á aðra.	Vinna áfram með hugmyndir nemenda með því eflum við ábyrgðarkennd.
Nemendur læri lausnamiðlun í gegnum sáttarleiðina.	Kenna nemendum að taka við og gefa hrós. Leggja áherslu á góð samskipti.	nemendur fá tækifæri til að velja sér viðfangsefni, hvar þau vilja leika sér og með hverjum.	Þjálfa myndlestur og vinna með orðamyndir.
Útbúið sé deildarsáttmáli með nemendum.	Vinna með deildarsáttmálann.	Kenna nemendum að setja sig í spor annarra, lesa í tilfinningar og bera virðingu fyrir náunganum.	Undirbúa nemendur fyrir grunnskóla-göngu, skoðunarferðir í skóla og ípróttahús
Kenna nemendum hvað mitt og þitt hlutverk er í leikskólanum (sjá um mitt og þitt hlutverk bls. 29 í Leiðarvísir um uppbyggingu sjálfsaga)		Nemendur fá tækifæri til að skapa á eigin forsendum (tökum ekki fram yfir hendur þeirra, þau skapa sjálf t.d. perla, mála, klippa og fl.).	Fara í heimsókn á bókasafn og byggðarsafnið.
		Hjálpa nemendum að finna leiðir til að leiðrétta mistök.	

Málrækt

Málrækt er samofin daglegu starfi í leikskólanum en einnig er unnið með ýmis verkefni sem miða að því að auka skilning og hæfni barna til að tjá sig og koma hugmyndum sínum á framfæri.

Í Krílakoti er fjöldi barna sem tala fleiri en eitt tungumál og hafa annað móðurmál en íslensku. Öll börn sem eiga sér annað móðurmál en íslensku fara í málörvunartíma og er fylgst vel með málþroska þeirra sem og allra barna í leikskólanum. Við erum að vinna verkefni sem heitir LAP sem miðar að því að efla málþroska og tungumálakunnáttu barnanna. Tungumál barnanna eru sýnileg og blandast inn í verkefnavinnu í samvinnu við foreldra að erlendum uppruna.

Markmið málræktar eru:

Að gefa börnum tækifæri á að kynnast tungumálinu og möguleikum þess á fjölbreytilegan hátt í leik og starfi.

Markmið:

- Að efla orðaforða
- Að efla skilning
- Að efla tjáningu
- Að efla hljóðkerfisvitund

Viðmið:

- Að leggja inn nýjan staf og orð tengdu LUBBA í hverri viku
- Að allir nemendur fari í markvissa málörvun einu sinni í viku.
- Að lesið sé fyrir alla nemendur á deildinni daglega.
- Að öll börn taki þátt í samverustund daglega þar sem unnið með málið á fjölbreyttan hátt

Mat:

- Niðurstöður út TRAS og MIO


Námsleiðir:

Í daglegu starfi og leik gefast mörg tækifæri til að vinna með málið t.d. í gegnum umræður, hlutverkaleiki, samverustundir, borðvinnu, skipulagt starf og lestur. Í dagsins önn er unnið með orðaforða nemenda með því að setja orð á athafnir og hluti. Málræktin fléttast inn í allt starf leikskólans.

Kennsluskipulag:

Unnið er með málrækt í leikskólanum bæði í gegnum dagleg samskipti en einnig í samverustundum og skipulögðum tímum. Í hópastarfi og málörvunartímum fer fram markviss vinna með málið þar sem ákveðin verkefni eru tekin fyrir sem tengjast málrækt, stærðfræði og vísindum. Námið er miðað að aldri og þroska nemenda og mikið lagt upp úr að námið fari fram í gegnum leik. Leitast er við að lesið sé fyrir nemendur í litlum og stórum hópum og kenndar vísur, pulur og sönglög.


Málrækt í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Hólakoti

Málrækt	Málskilningur	Tjáning	Hljóðkerfisvitund.
Lesið og syngja með nemendum daglega. Segja sögur án bóka og fá þau til að segja sögur.	Lesið bækur, útskýra erfið orð ræða um innihald bókana, spá fyrir um framhaldið. Skoða bókakápur og myndir í bókum.	Kenna nemendum að svara algengustu spurningum sem nemendur á þeirra aldri eru spurð að.	Klappa samstöfur í nöfnum og hlutum.
Vinna með Lubba. Allir á deildinni eiga sitt Lubbatákn. Kenna lagið og táknið. Skoða hvaða orð byrja á staf vikunnar. Vinna með hljóðakassana. Vinna með lítinn og stóran staf, bæði staf og hljóð.	Kenna hugtök: Eiginleikahugtök, staðsetningarhugtök, tímahugtök, andstæð hugtök og lýsandi hugtök.	Óbein leiðrétting, herma eftir með réttu orðaröð og framburði.	Æfa hlustun, með lestri og leikjum.
Myndrænt dagskipulag alltaf sýnilegt fyrir nemendum. Lýsandi myndir. Settar upp í lesátt. Taka niður þegar eitthvað er búið.	Vinna með orðaforða. Taka sérstaklega fyrir lýsingarorð.	Lengja setningar nemenda með því að endurtaka það sem þau segja og bæta inn meiri upplýsingum.	Vinna með athyglis- og minnisleikir.
Vinna með spil, myndir og málræktarefni sem til er úr daglegu starfi.	Vinna með vísur/þulur úr vísnaðabókum.	Kenna nemendum samræðu, horfa í augu, hlusta og tala til skiptis.	Vinna með rím á fjölbreyttan máta.
Myndrænn stuðningur við hegðun (litakarlarnir).	Vinna með yfirhugtök og æfa nemendum í að flokka eftir þeim.	Tjá sig fyrir framan hóp.	Kenna nemendum muninn á orðum og stöfum.
Setja orð á allar athafnir og hluti.	Kenna tímaröð: Fyrst gerum við þetta, í öðulagi þetta og í þriðja lagi....	Setja orð á hluti og athafnir.	Vinna með stafina á fjölbreyttan hátt og vinna með hljóðin þeirra. Greina hljóð í orðum.
	Kenna heiti daga og mánaða.	Vinna með tjáningu, t.d. hvað gerir þú ef, eða hvað gerir þú þegar...spurningum. Leita lausna.	Setja orð saman og taka þau sundur.
	Vinna með örsögur.	Sögugrunnurinn. Vinna með myndir og orð, búa til sögur. Setningamyndun.	Kenna nemendum að skrifa nafnið sitt.
	Kenna alla liti.	Tónlist: Vinna með hrynjanda / takt.	


Vísindi



Leiðir að markmiðum á Hólakoti

Bernskulæsi	Stærðfræði	Vísindi
Gera ritmál sýnilegt.	Vinna með 6 form og samanburðahugtök fyrir fjölda, þyngd, lengd og aðrar stærðir. Nemandi geti bent á ferhyrning, þríhyrning og hring en Notar fjöldahugtök rétt.	Rannsaka lífríkið með smásjá. Skoða hvernig dýr og plöntur þroskast.
Hafa pappír og skriffæri aðgengileg.	Nemandi læri að fara eigin leiðir í lausnaleyti. Vinna með í gegnum samræður að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	Blanda liti
Gera bókum hátt undir höfði í starfinu og kunni að bera virðingu fyrir bókum.	Vinna með lengd og þyngd með hefðbundnum mælitækjum. Nemandi geti þúslað 40 bita þúsluspil.	Kynna fyrir þeim ýmisleg verkefni tengt vísindum eins og t.d. vinna með vatn, rafmagn o.fl.
Lesi alls kyns efni fyrir nemendur, kenna þeim að hægt er að lesa ritmál hvar sem það kemur fyrir.	Nemandi læri að búa til mynstur og geti sjálft haldið áfram með einfalt mynstur (t.d. perl).	Nemandi læri að þekkja götuheiti á Dalvík og átta sig á hvernig kort virkar. Nemandi læri að þekkja áttimar (áttavita)
Hvetja nemendur til að nota ritmál í gegnum leik með stafakubba, Lubba-verkefni og efniviður sér fjölbreyttur og aðgengilegur.	Vinna með talnaröðina eitthvað áleiðis í tveggja stafa tölur. Getur talið til baka frá 20. Læri að nota raðtölur a.m.k. upp í fimmti. Læri að lesa tölur a.m.k. upp í 20 og nokkrar fleiri tveggja stafa tölur. Vinna með að skrifað nokkra tölustafi. Börnin hafa talnaröð upp í 100 sýnilegt.	Nemandi læri að þekkja hugtökin, í gær, í dag, á morgun, vikudaga og mánuði. Byrjar að átta sig á hvernig klukka virkar.
Vinna með spil, myndir og málræktarefni sem til er í leikskólanum.	Nemandi læri að búa til hóp í samræmi við gefinn fjölda. Bæta einum/ tveimur við og taka einn/ tvo af. Barnið læri að skipta nokkrum hlutum jafn á milli 2-4 barna.	
	Nemandi læri að notast við Numicon kubba til að efla þau í stærðfræði.	
	Nemandi geti teiknað manneskju með ýmsum smáatriðum.	

Fjölmennning í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Hólakoti

Jafnrétti og lýðræði	Læsi	Vellíðan	Menning
Frelsi til að vera maður sjálfur. Enginn er eins.	Þjóða upp á söng og pólskar samverustundir einu sinni í viku. Finna lög og texta á fleiri tungumálum.	Jákvæð dagleg samskipti.	Fræða nemendur með aðstoð foreldra um hefðir þeirra, ásamt því að skoða þeirra þjóðfána.
Vinna með einfaldar sögur sem fjalla um jafnrétti og mannréttindi.	Myndrænt dagskipulag sýnilegt fyrir nemendur.	Læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.	Fara í heimsókn t.d. á söfn, tónlistaskóla og ýmsar sýningar.
Kenna nemendum að tjá skoðanir sínar án þess að særa aðra.	Myndrænn stuðningur við hegðun.	Kenna félagshæfni, leik og samskipti.	Barnasáttmáli sameinuðupjóðanna.
Efla nemendur sem einstaklinga, fá þau til að horfa á sig og aðra með jákvæðum augum.	Vinna með spil, myndir og málræktarefni af veggnum í daglegu starfi.	Efla sjálfstæði einstaklingsins.	Kenna þeim um mismunandi menningu í skólum.
Spjalla í hópastarfi. Gefa nemendum tækifæri til að tjá sig og kenna þeim að hlusta á aðra og bíða.	Vera vakandi fyrir að grípa hugmyndir nemendur og vinna með þær áfram.	Kenna nemendum að setja orð á tilfinningar og bregðast við þeim.	
Kenna nemendum að taka við hrósi og gefa hrós.	Fara í vettvangsferðir og skoða nánasta umhverfi.		
Gera atkvæða greiðslur og kenna þeim að meiri hlutinn ræður.	Fara á bókasafn, fá einhvern til að lesa bækur á tungumáli nemenda.		
	Nemendur átti sig á að það séu fleiri stafrófen íslenska.		

Heilbrigði og vellíðan

Krílakot er heilsueflandi leikskóli. Í leikskólanum er heilsuefling höfð að leiðarljósi. Markmið með heilsueflandi leikskóla er að venja nemenda strax í barnæsku við heilbrigða lífshætti með það í huga að þeir verði hluti af lífsstíl þeirra til framtíðar. Lögð er áhersla á hreyfingu, fræðslu og að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðuflokkum daglega.

Markmið heilsueflandi leikskóla er:

- Að stuðla að andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan nemenda
- Að stuðla að heilsueflingu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik
- Að nemendur öðlist félagslega vellíðan

Viðmið:

- Að allir nemendur fari í útivist einu sinni á dag
- Að allir nemendur fari í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku
- Að boðið sér upp á ávexti daglega
- Að allir nemendur fari einu sinni í viku í útikennslu, lengd fer eftir aldri barnanna

Mat:

- Fylla út matslista í þroskaslistum


Námsleiðir:

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda og nærsamfélag.

Kennsluskipulag:

Allir nemendur fari daglega í útiveru og 2 elstu deildarnar fara í göngu/vettvangsferðir minnst einu sinni í viku. Hinar 3 deildarnar fara í vettvangsferðir eins oft og kostur er. Vikulega fara nemendur í hreyfistund í sal þar sem unnið er að ákveðnum markmiðum. Í leikskólanum eru settar upp þrautabrautir, farið í hreyfileiki og íþróttir og sund. Fræðsla um hollt mataræði og heilbrigða lífshætti fer fram í daglegu starfi en einnig í gegnum verkefnavinnum og hópastarf. Unnið er að því að auka vitneskju nemenda um líkamann, styrkja sjálfsmynd þeirra, stuðla að betri hreyfifærni og mikilvægi slökunar og hvíldar. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og að nemendur og starfsfólk sýni hvert öðru umhyggju í leik og starfi. Einnig er lögð áhersla á að kenna nemendum daglega umhirðu sem við kemur hreinlæti, matmálstímum og umgengni.

Heilsueflandi leikskóli og Grænfáni í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Hólakoti

Næring og sjálfsbjálpa	Hreyfing	Heilsa og vellíðan	Grænfáni
Hvetja börnin til að smakka allan mat.	Fara í íþróttahúsið einu sinni í viku í markvissa hreyfingu.	Tannverndarvika einu sinni á ári.	Vinna verkefni tengt umhverfisvernd.
Hafa veggspjöld með fæðuhring og matardiski sýnilegt.	Sundkennsla að hausti og vori.	Dagleg útivera.	Efla meðvitund barnanna um vatns- og rafmagnsnotkun.
Hvetja börn til að nota hníf og gaffal.	Hreyfileikir úti og inni fara í salinn einu sinni til tvisvar í viku.	Auka líkamasvitund barnanna með því að kenna þeim heiti á líkamshlutum.	Efla umhverfisvitund barnanna með því að flokka og tina rusli.
Hvetja börnin til að smakka alla ávexti sem koma í ávaxtastund og nónhressingu ásamt grænmeti í hádegismáltíðum.	Farið sé í útikennslu einu sinni í viku.	Jákvæð samskipti Bera virðingu fyrir öðrum og okkur sjálfum.	Unnin verkefni tengt lýðheilsu og himingeimnum
Sjálfbjarga í að klæða sig í og úr útifötum og gangi frá útifötum í hólfid sitt.	17. júní – skráðganga.	Fara eftir reglum.	Vinna með virðingu fyrir umhverfinu t.d. hvað gerist efvið flokkum ekki ?
	Hafa markvissar gönguferðir þar sem áhersla er lögð á að þjálfa þol, jafnvægi og styrk.	Efla sjálfstraust.	Nýta efnivið til fulls (ekki eyða óþarfa pappír og fl.).
		Kenna börnunum mikilvægi hreinlætis.	Ekki láta vatn renna að óþörfu (skrúfa fyrir vatn þegar það er ekki í notkun.
			Stuðla að sparnaði á orkunýtingu (slökkva ljós í herbergi sem ekki er í notkun.

Sköpun

Nemendur hafa mikla þörf fyrir að skapa. Sköpunargleðin og ímyndunaraflið fá best að njóta sín í gegnum leik með fjölbreyttan efnivið. Sjálfst sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman þ.e.a.s. að fá að prófa sig áfram með efnivið, gera tilraunir og þjálfa upp færni á eigin forsendum. Sköpun getur farið fram í gegnum leik, umræður, hreyfingu, tónlist, leiklist, myndsköpun, dans o.s.frv.

Markmið:

- Að efla forvitni og sköpunargleði nemenda.
- Að ýta undir sjálfstraust og ímyndunarafl nemenda.

Viðmið:

- Að nemendur þori að prufa sig áfram með hin ýmsu efni sem í boði eru til sköpunar
- Að nemendur prófi sig áfram í gegnum leik og skapi þannig sinn ævintýraheim.
- Að nemendur taki daglega þátt í söngstund.

Mat:

- Fylla út í þroskalista.


Námsleiðir:

Sköpun er hluti af heilsustefnunni og stór þáttur í leikskólastarfinu. Í daglegu starfi er unnið með myndlist, tónlist og önnur listform eftir því sem við á. Lögð er áhersla á að nemendur fái tækifæri til að prófa sig áfram, gera tilraunir, þjálfa upp færni og efla sjálfstraust. Leikurinn er skapandi námsleið, í gegnum hann geta nemendur prófað sig áfram og skapað ævintýraheima.

Kennsluskipulag:

Að minnsta kosti einu sinni í viku fara nemendur í listasmiðju þar sem unnið er með fjölbreyttan efnivið á skapandi hátt. Í hópastarfi er unnið með sköpun á markvissan hátt þar sem nemendur eru hvattir til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Fastir liðir á hverjum vetri eru t.d. vinna með tónlist, jólagjafir handa foreldrum, listsköpun út frá þemum vetrarins og hugmyndaflugi nemenda. Stundum fæðast hugmyndir í dagsins önn sem unnið er með í leik og starfi. Í daglegu starfi hafa nemendur aðgang að skrifffærum, skærum, litum, pappír og öðrum efniviði sem þau geta notað við sköpun inni á deild.

Sköpun í Krílakoti



Leiðir að markmiðum á Hólakoti

Sköpun	Myndsköpun	Tónlist	Menning
Nemendur fá tækifæri til að skapa í gegnum frjálsan leik.	Nemendur vinna að myndsköpun með fjölbreyttum efni við..	Söngstund daglega. Í söngstund er unnið með þulur, ljóð, rím og sönglög.	Fara í heimsóknir á Dalbæ og syngja fyrir heimilisfólk þar.
Kenna grunnfærni í hlutverkaleik.	Nemendur vinna sköpunarverkefni tengt þema einu sinna á ári.	Nemendur vinna með takt t.d. klappa nöfnin sín.	Fræða um ýmsar hefðir og venjur.
	Börn vinna fínhyfingaverkefni (teikna og klippa).	Nemendur fá tækifæri til að prufa hljóðfærin sem til eru í leikskólanum.	Grenndarkennsla Umhverfið í kringum okkur.
		Samstarf við tónlistarskólann.	Fræða nemendur um íslenskar hefðir og venjur.
		Nemendur fá tækifæri til að hlusta á mismunandi tegundir tónlistar.	Skoða íslandskort og alheimskort.